

Endurheimt votlendis við sjó – mars 2018. Hafdís Sturlaugsdóttir, Náttúrustofa Vestfjarða

Endurheimt votlendis hefur verið til umræðu um nokkurt skeið. Þá hefur aðallega verið rætt um endurheimt mýra og tjarna. Hér er votlendi við sjóð víða og flokkast þau helst í sjávarfitjar og leirur. Markmið verkefnisins var m.a. að skoða hvernig staðið er að endurheimt slíks votlendis erlendis og í framhaldi af því að meta hvort hægt væri að endurheimta eða að búa til svæði fyrir leirur og sjávarfitjar hérlandis, í stað þess sem raskast til dæmis vegna vegagerðar.

Fram kemur að engar tilraunir hafi verið gerðar á endurheimt votlendis við sjó hérlandis, svo vitað sé, en skýrsluhöfundur skoðaði erlendar heimildir um slíkar tilraunir. Þær tilraunir sem skoðaðar voru og fjallað er um, eiga það sameiginlegt að vera ekki beint á móti úthafsöldunni heldur er rif eða eitthvað annað sem skýlir. Bent er á að skýring á því geti verið að auðveldara er að vinna á slíkum svæðum en þeim sem standa á móti opnu hafi. Tilraunasvæði eiga það líka sameiginlegt að vera við ár, þar sem framburður er nokkur og getur auðveldað uppsöfnun.

Við skoðun þessara erlendu tilrauna verður ekki annað séð en að af þeim hafi orðið góður árangur. Dregin er sú ályktun að hægt væri að gera svipaðar tilraunir hér og vonandi ná árangri.

Rætt er um að hér á landi ætti að vera hægt að endurheimta leirur og sjávarfitjar að einhverju marki, með því að staðsetja varnargarða þannig að þeir dragi úr straumum og þannig væri hægt að stjórna hvar set myndast. Notast mætti við straummælingalíkön í því sambandi.

Varðandi sjávarfitjar er bent á að hægt væri að flytja þær úr fyrirhuguðum vegstæðum á nýjan vaxtarstað, en slíkt á síður við um leirur þar sem þær eru oft lagskiptar og flutningur á nýjan stað myndi líklega eyðileggja lagskiptinguna.